

Borholur í Seltjarnarnesshreppi (2601)



Hilmar Sigvaldason

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð Bresi-2015/1

Nóvember 2015

Inngangur

Í þessari greinargerð eru teknar saman upplýsingar staðsetningar á borholum í Seltjarnarneshreppi.

Auðkenni	Holunafn	Lögbýli	Dýpi [m]	Borár	A-hnit	N-hnit	Nýting	Gæði hnita
9601	SN-01	Bakki	1282,6	1965	353886	408829	ónotuð	8
9602	SN-02	Bygggarður	856,3	1965	353826	409976	ónotuð	8
9603	SN-03	Nes	1715,0	1969	353742	409255	ónotuð	8
9604	SN-04	Bygggarður	2025,0	1972	353744	409904	í notkun	8
9605	SN-05	Bygggarður	2207,0	1980	353848	409869	í notkun	8
9606	SN-06	Nýibær	2701,0	1984	353662	409826	í notkun	8
9607	SN-07	Ráðagerði	153,5	1993	353378	410107	ónotuð	8
9608	SN-08	Nes	153,1	1993	352717	409064	ónotuð	8
9609	SN-09	Bakki	132,0	1994	353797	409077	ónotuð	8
9610	SN-10	Bakki	132,0	1994	354001	408767	ónotuð	8
9611	SN-11	Ráðagerði	144,6	1994	353636	410105	ónotuð	8
9612	SN-12	Ráðagerði	2714,0	1994	353637	410076	í notkun	8
9613	SN-13	Bygggarður	153,0	2014	353737	410059	ónotuð	8
9614	SN-14	Nes	156,0	2014	353675	409708	ónotuð	8
9631	HRS-01	Hrólfsskáli	46,0	1957	354537	408741	ónotuð	6
9632	HRS-02	Hrólfsskáli	45,0	1958	354521	408776	ónotuð	6
9633	HRS-03	Hrólfsskáli	49,0	1958	354550	408826	ónotuð	6
9634	HRS-04	Hrólfsskáli	36,0	1958	354564	408837	ónotuð	6
9651	RG-01	Ráðagerði	15,0	1962	353500	409990	ónotuð	1
9652	RG-02	Ráðagerði	37,0	1986	353510	410000	ónotuð	1

Tafla 1. Upplýsingar um borholur á Seltjarnarnesi. Hnitakerfi er ÍSN93. Gæði hnita í töflunni þýða 8: hnit tekin með handtæki (nákvæmni +/- 2 m) og 1: mjög léleg hnit (+/- 200 m)

SN-01 Bakki

(B-9601)

Borhola SN-01 er þétt við nokkurra tonna stóran stein á bakka ofan við smábátahöfn. Holan er lokuð og er vel frá henni gengið.



1. Mynd. Borhola SN-01 (B-9601) sunnan við stóran stein



2. Mynd. Borhola SN-01 (B-9601) á bakkanum ofan við smábátahöfnina

SN-02 Bygggarður

(B-9602)

Borhola SN-02 er norðan við götuna Norðurströnd vestan við gatnamótin við Bygggarða og sunnan við göngustíginn sem liggur með sjónum. Málmkassi er á holutoppnum og væntanlega er vatnsborðsmælir í honum.



3. Mynd. Borhola SN-02 (B-9602) nærri göngustíg



4. Mynd. Borhola SN-02 (B-9602) horft til suðurs. Gatan heitir Norðurströnd og lengst til hægri á myndinni er gatan Bygggarðar

SN-03 Nes

(B-9603)

Borholan SN-03 er inni í íbúðargötu við húsið Nesbala 110. Búið er að setja hlemm yfir holuna.



5. Mynd. Borhola SN-03 (B-9603) er við húsið Nesbala 110



6. Mynd. Borhola SN-03 (B-9603) er undir hlemmi á gangstéttinni

**SN-04 Bygggarður
(B-9604)**

Borhola SN-04 er í skúr milli húsanna 8 og 10 við Bygggarða. Holan er í notkun.



7. Mynd. Borhola SN-04 (B-9604) er inni í skúrnum á myndinni



8. Mynd. Borhola SN-04 (B-9604) er í skúrnum og í notkun

**SN-05 Bygggarður
(B-9605)**

Borhola SN-05 er í skúr sem er inni á afgirtu svæði vestan við gatnamót Norðurstrandar og Sefgarða. Holan er í notkun



9. Mynd. Borhola SN-05 (B-9605) er inni í skúrnum á myndinni



10. Mynd. Borhola SN-05 (B-9605) er í skúrnum.

**SN-06 Nýibær
(B-9606)**

Borholan SN-06 er inni í skúr sem er á vinnusvæði við suðurenda götunnar Bygggarðar. Holan er í notkun.



11. Mynd. Borhola SN-06 (B-9606) er inni í skúrnum



12. Mynd. Borhola SN-06 (B-9606) er í notkun inni í skúrnum

SN-07 Ráðagerði

(B-9607)

Borhola SN-07 er um 1 m vestan við göngustíg sem liggur N-S. Borholan er um 30 m sunnan við þar sem göngustígurinn mætir göngustíg sem liggur SA-NV út í Gróttu.



13. Mynd. Borhola SN-07 (B-9607) við göngustíg



14. Mynd. Borhola SN-07 (B-9607) Til hægri á myndinni sést á göngustíginn sem liggur út í Gróttu

**SN-08 Nes
(B-9608)**

Borhola SN-08 er um 10 m hægra megin við veginn sem liggur að bílastæði við Golfvöll Seltjarnarness rétt áður en ekið er inn á bílastæðið. Plasttunna er utan um holutoppinn og plastleiðsla liggur frá holu.



15. Mynd. Borhola SN-08 (B-9608) er í plasttunnu



16. Mynd. Borhola SN-08 (B-9608) Séð ofan í tunnuna

SN-09 Bakki

(B-9609)

Borhola SN-09 er um 2 m sunnan við göngustíg sem liggur sunnan Suðurbrautar austan við gatnamót Suðurbrautar og Lindarbrautar.



17. Mynd. Borhola SN-09 (B-9609) er 2 m sunnan við göngustíg



18. Mynd. Borhola SN-09 (B-9609) Húsið á myndinni er á gatnamótum Suðurbrautar og Lindarbrautar

SN-10 Bakki

(B-9610)

Borhola SN-10 er um 5m sunnan við götuna Suðurströnd. Hlemmur er yfir holunni.



19. Mynd. Borhola SN-10 Hlemmur er yfir holunni



20. Mynd. Borhola SN-10 (B-9610) er um 5 m sunnan við götuna Suðurströnd

SN-11 Ráðagerði

(B-9611)

Borhola SN-11 er um 2 m sunnan við göngustíg sem liggur með ströndinni á norðanverðu Seltjarnanesi.



21. Mynd. Borhola SN-11 (B-9611) er norðan við borholu SN-12



22. Mynd. Borhola SN-11 er við göngustíg meðfram ströndinni

SN-12 Ráðagerði

(B-9612)

Borhola SN-12 er norðan við götuna Norðurströnd í bogadregnu húsi. Holan er í notkun.



23. Mynd. Borhola SN-12 (B-9612) Mynd tekin í gegn um útidyrnar



24. Mynd. Borhola SN-12 (B-9612) er í bogadregnu húsi við Norðurströnd

SN-13 Bygggarður

(B-9613)

Borhola SN-13 er norðan við göngustíg sem liggur meðfram ströndinni á norðanverðu Seltjarnarnesi og er hún austan við hákarlaskúrinn.



25. Mynd. Borhola SN-13 (B-9613) er austan við hákarlaskúrinn. Til vinstri sést húsið yfir SN-12 og í baksýn er Gróttuviti



26. Mynd. Borhola SN-13 (B-9613) Horft til suðurs að Ráðagerði

SN-14 Nes

(B-9614)

Borhola SN-14 er á túninu norðan við Nesstofu og Lækningaminjasafn Íslands.



27. Mynd. Borhola SN-14 (B-9614) Á myndinni sést Lækningaminjasafn Íslands og Nesstofa fjær



28. Mynd. Borhola SN-14 (B-9614) Horft til NA

HRS-01 Hrólfsskáli

(B-9631)

Borhola HRS-01 er týnd og líklega komin undir mannvirki.



29. Mynd. Borhola HRS-01 (B-9631) er líklega í nágrenni við húshornið á myndinni.

HRS-02 Hrólfskáli

(B-9632)

Borhola HRS-02 er ekki sjáanleg á yfirborði jarðar



30. Mynd. Borhola HRS-02 (B-9632) er líklega í túninu á myndinni.

HRS-03 Hrólfsskáli

(B-9633)

og

HRS-04 Hrólfsskáli

(B-9634)

Borholur HRS-03 og HRS-04 eru komnar undir mannvirki og ekki sjáanlegar á yfirborði jarðar í dag.



31. Mynd. Borholur HRS-03 (B-9633) og HRS-04 (B-9634) eru undir malbiki eða steypu.

RG-01 Ráðagerði

(B-9651)

Og

RG-02 Ráðagerði

(B-9652)

Borholur RG-01 og RG-02 eru týndar og ekki hefur tekist að hafa uppi á neinum upplýsingum um staðsetningu þeirra. Landfræðileg hnit á holunum í töflu 1 eru skálduð þannig að holurnar séu á landi Ráðagerðis og ónákvæmni þeirra mikil.